

Starfsáætlun 2023-2024

6.-7. bekkur

Naustaskóli

Starfsáætlun 2023-2024

6.-7. bekkur



Erla Jónatansdóttir

Paula María Pálsdóttir

Sunna Friðþjófsdóttir

Pórey Sjöfn Sigurðardóttir

Póra Ýr Sveinsdóttir

Arna Kristinsdóttir

Ninna Rún Vésteinsdóttir

Védís Elva Þorsteinsdóttir

Námsumhverfi og skipulag

Starfsmenn og nemendur

Sunna Friðþjófsdóttir (umsj. 7.b)

Þórey Sjöfn Sigurðardóttir (umsj. 7.b)

Erla Jónatansdóttir (umsj. 6.b)

Paula Maria Pálsdóttir (umsj. 6.b)

Þóra Ýr Sveinsdóttir (stoðkennari)

Arna Kristinsdóttir (stuðningsfulltrúi)

Ninna Rún Vésteinsdóttir (stuðningsfulltrúi)

Védís Elva Þorsteinsdóttir (stuðningsfulltrúi)

Nemendur í 6. bekk eru 34 og 35 í 7. bekk.

Stjórnandi, sem heldur utan um öll mál í 6. - 7. bekk, er Þuríður Lilja Rósenbergsdóttir.

Jákvæður agi er agastefna Naustaskóla og eru bekkjarfundir hluti af þeirri frábæru stefnu.

Bekkjarsamtök eða verkefni tengd jákvæðum aga eru á dagskrá tvisvar sinnum í viku hjá okkur í 6. og 7. bekk. Í upphafi skólaárs gerðu nemendur bekkjarsáttmála sem við stefnum á að vinna eftir í allan vetur og höldum honum á lofti í öllu okkar starfi. Á bekkjarfundum höfum við verkfæri jákvæðs aga að leiðarljósi, nemendur koma með mál á dagskrá, við spjöllum saman um málefni líðandi stundar og gerum ýmis verkefni til að þjálfa ákveðna þætti. Einnig munum við styðjast við bókina “Ertu” sem er vinnubók í lífsleikni og þar er unnið að samskiptafærni nemenda, rætt um tilfinningar og áhrif þeirra á líðan okkar.

Við höfum sett okkur það markmið að taka formleg nemendaviðtöl við hvern nemenda tvisvar sinnum á skólaárinu, einu sinni fyrir jól og aftur á vorönn. Í nemendaviðtölum er farið yfir líðan nemenda, félagslega- og námslega stöðu ásamt öðru sem kann að koma upp. Niðurstöður viðtalsins eru skráðar í dagbók nemenda og birtar foreldrum.

Naustaskóli stefnir að því að verða Réttindaskóli UNICEF í nóvember og er markmið okkar í 6. og 7. bekk að halda barnasáttmálanum og réttindum okkar á lofti í allri vinnu.

Þemu vetrarins eru af fjölbreyttum toga. Í þema leggjum við áherslu á árgangablöndun nemenda, að nemendur öðlist þjálfun í samvinnu við aðra nemendur og að vinna að fjölbreyttum verkefnum. Þemu vetrarins eru Lífríki í fersku vatni og sjó, Evrópa, Náttúrulega, Trúarbragðafræði, Wonder og Áhugasvið.

Námsmatið í þema er af fjölbreyttum toga, þar verður lögð áhersla á að nemendur fái þjálfun í sjálfsmati sem og jafningjamati, þau fái aukna æfingu í að koma fram fyrir framan bekkinn og haldi kynningar um fyrirfram ákveðin efni. Kennarar munu meta nemendur út frá vinnubrögðum í kennslustundum, hópavinnu og fleiru.

Í öllu námi reynum við að samþætta hinar ýmsu námsgreinar. Í þema er til dæmis samþætt íslenska, samfélags- og náttúrufræði og upplýsingatækni. 6. bekkur er með grenndarkennslu á stundatöflu einu sinni í viku og þar er samþætt útikennsla við hinar ýmsu námsgreinar skólans.

Í kennslu ætlum við okkur að styðja nemendur til aukinnar ábyrgðar þeirra á eigin námi og gera þau þannig sjálfstæðari í vinnubrögðum og undirbúa þau fyrir frekara nám og lífið sjálft. Við erum með tímasettar áætlanir í stærðfræði og munum gera það með fleiri námsgreinum þegar reynsla er komin á það. Einu sinni í viku er unnið eftir vinnuseðli þar sem þau þurfa sjálf að meta, hver fyrir sig, hvaða verkefni skal vinna hverju sinni og í hvaða röð. Á föstudögum eru svo klárutímar þar sem nemendur fá tíma til að klára ókláruð verkefni vikunnar.

Nemendur hafa aðgang að sinni Chrome tölvu þar sem við nýtum okkur Google umhverfið, þá helst Google Classroom þar sem nemendur vinna ýmis verkefni og hafa aðgang að t.d. námsefni og glósum.

Grunnþættir menntunar

Sköpun er sá grunnþáttur menntunar sem við sjáum allt um kring, vissulega fléttast hann afar mikið við list- og verkgreinar þar sem nemendur vinna mikið í höndunum og sköpunargleði þeirra fær að njóta sín. En til að halda í sköpunargleðina, ímyndunaraflið og barnið í nemendum okkar þá munum við halda sköpun á lofti einnig á kennslusvæðinu okkar. Allt þemanám þar sem nemendur vinna að fjölbreyttum verkefnum er hluti af sköpun, þegar nemendur fá val um hvernig verkefni þeir vilja skila hvort sem um er að ræða veggspjald, kynningu eða hlaðvarp það er allt hluti af sköpun.

Heilbrigði og velferð, nemendur okkar fara í íþróttir og sund í hverri viku. Í heimilisfræði og á bekkjarfundum ræðum við ýmis málefni sem stuðla að heilbrigði og velferð. Hvað er hollur matur, af hverju er mikilvægt að borða hollan mat og hreyfa sig. Nemendur okkar fá einnig fræðslu frá skólahjúkrunarfræðingi sem ræðir um mikilvægi næringar, svefnis og hreyfingar. Í hringekju sem er kennd í hverri viku reynum við eftir besta móti að hafa eina stöð sem er

hreyfing af einhverju tagi. Útikennsla og hópefli eru einnig fastir liðir í stundaskrá nemenda okkar. Að auka meðvitund þeirra um tilfinningar, sínar eigin og annarra, að þau þekki styrkleika sína og að styrkja sjálfsmynd þeirra er stór hluti af allri umræðu, skipulagðri sem og almennri umhyggju.

Jafnrétti tengist allri vinnu í tengslum við Barnasáttmála sameinuðu þjóðanna og við í Naustaskóla stefnum að því að verða Réttindaskóli UNICEF. Hluti af því er að láta nemendur okkar vera virka þátttakendur í öllu skólastarfi, að rödd þeirra fái að heyrast. Á bekkjarfundum vinnum við með verkefni Jákvæðs aga, á þeim fundum eru tekin fyrir mál á dagskrá þar sem nemendur ræða atvik sem upp hafa komið og þarf að leysa. Með jafnrétti er einnig átt við að kenna nemendum hvað er jafnrétti, að undirbúa þá fyrir lífið, geta unnið með hverjum sem er í hóp, hvort sem það eru vinir manns eða ekki. Grein númer 2 í Barnasáttmálanum segir að öll börn eru jöfn, því er mikilvægt að nemendur okkar skilji þessa grein og venji sig á að hafa hana að leiðarljósi í leik og starfi.

Læsi er sá hluti náms sem fylgir okkur alla daga, öllum stundum. Lögð verður rík áhersla á læsi í gegnum allt nám hjá okkur 6. og 7. bekk. Við munum nýta verkfæri læsis fyrir lífið í samstarfi við Miðstöð skólaþróunar Háskólans á Akureyri. Til þess að höfða sem best til nemendahópsins munum við hafa lesturinn með ýmsum hætti, yndislestur, hlusta á sögu/frásagnir og fréttalestur svo einhver dæmi séu nefnd.

Með **lýðræði** kennum við nemendum okkar að vera góðir samfélagsþegnar og lifa í sátt og samlyndi við náungann burt sé frá því hvernig hann er. Það er hlutverk okkar fullorðinna sem koma að kennslu og uppeldi barna að kenna þeim lýðræði í gegnum allt daglegt skólastarf, að bera virðingu fyrir hvort öðru, hlusta á hvort annað og virða skoðanir hvers annars. Lýðræðisleg kennsla fléttast í öllu skólastarfi, það er hægt að kenna hugtakið þegar kosið er í lið eða við kennarar skiptum í lið og þegar nemendur fá val um hvernig verkefni er unnið og skilað til kennara.

Þó að **sjálfbærni** snúist í miklu mæli um endurvinnslu og flokkun, að við ræðum um mikilvægi þess að bera virðingu fyrir umhverfi okkar og náttúru þá er hugtakið mun víðara. Til að mynda er það hluti af sjálfbærnimenntun að kenna nemendum að takast á við álitamál og ágreiningsefni. Dæmi um slík verkefni gæti verið málefni líðandi stundar, farsímar í grunnskólum, hvalveiðar eða hlýnun jarðar.

Teymisvinna / teymiskennsla

Lögð verður áhersla á samkennslu árganga í vetur hjá okkur í 6. og 7. bekk. Við munum samkenna í þema, hringekjum, smiðjum og fleiri kennslustundum. Það er mikilvægt að kenna nemendum snemma mikilvægi þess að læra að vinna í mismunandi hópum, með hverjum sem er og að læra að nýta styrkleika allra í hópnum.

Kennarateymið ætlar að vera duglegt að deila með sér verkefnum, nýta styrkleika hvor annarar í undirbúningi fyrir kennslu og kennsluáætlanir. Þar að auki ætlum við að tileinka okkur starfshætti leiðsagnarnáms í samvinnu við stjórnendur Naustaskóla.

Við í teymi 6. og 7. bekkjar berum sameiginlega ábyrgð á öllum nemendum okkar og ætlum okkur að vera duglegar í lausnaleit, að deila álagi og endurmeta það sem betur má fara.